



# Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Hvammstangi 15. desember 2017

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Jóhanns Guðmundssonar / Annas Jón Sigmundsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík.

## Varðar: Sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta 2017/2018.

Á 956. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 4. desember sl. var m.a. eftirfarandi fært til bókar við 6. lið:

„Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2017-2018:

„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2017/2018:

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 604 frá 3. júlí 2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018. Skipting þessara 80% byggðakvóta Húnaþings vestra til ofangreindra skipa skal miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár í þorskígildum talið.  
Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.
- b) 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og skal skipting þessara 20% byggðakvóta Húnaþings vestra miða við meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár, nú 2014/2015, 2015/2016 og 2016/2017.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 604/2017 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 604/2017 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 21. nóvember 2017, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar

*sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.*

**b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.“**

*Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða*

Á 292. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 14. desember sl. var afgreiðsla byggðarráðs staðfest.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

  
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

